

E 8/2022

Fyrirspyrjandi Kathrine Kleveland, Mikko Kinnunen
Viðtakandi Norræna ráðherranefndin

Til Norræna ráðherranefndin

Skrifleg fyrirspurn
um afnám stuðnings við norrænt menningarsamstarf í áföngum

Árið 2022 er hálfnað það fjögurra ára tímabil þar sem Norræna ráðherranefndin sker niður 40 millj. da. kr. af norrænu fjárhagsáætluninni til að fjármagna framkvæmdaáætlunina sem ætlað er að gera að veruleika framtíðarsýnina um Norðurlönd sem sjálfbærasta og samþættasta svæði í heimi. Niðurskurðurinn hefur einkum áhrif á menningar- og menntageirann.

Norðurlandaráð hefur samþykkt framtíðarsýnina. Hins vegar hefur verið erfitt að samþykkja niðurskurðinn þar sem að ráðið hefur ekki, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir, fengið mat á áhrifum niðurskurðarins á aðra starfsemi frá ráðherranefndinni.

Þessi spurning er einkum áriðandi fyrir svokallaða forgangsraðaða niðurskurðarliði. Í vissum tilfellum er stuðningurinn frá ráðherranefndinni lagður af að fullu.

Mismunandi verkefni hafa mismunandi fjármögnunarskipulag. Ef stuðningur úr öðrum áttum er skilyrtur við stuðning ráðherranefndarinnar mun niðurskurðurinn fela í sér að starfsemin verður lögð að fullu niður.

Það er erfitt að samþykkja niðurskurð ef ekki er vitað hvaða afleiðingar hann hefur.

Að þessu gefnu beinum við eftirfarandi fyrirspurn til Norrænu ráðherranefndarinnar:

Mun Norðurlandaráð fá yfirlit yfir afleiðingar af sparnaðaraðgerðum á sviði menningar- og menntamála áður en ákvörðun um fjárhagsáætlun 2023 verður tekin? Hver af þeim verkefnum sem Norræna ráðherranefndin fjármagnar munu ekki vera stafrækt að loknu þessu fjögurra ára tímabili?

Oslo og Helsingfors, 11. apríl 2022

*Kathrine Kleveland (Sp)**Mikko Kinnunen (cent)*